NÁMSGREIN: ÍSAT
KENNSLUYFIRLIT – 6. BEKKUR

Kennsluhættir: Sjö kennslustundir á viku. Kennt er í lotum eftir viðfangsefnum. Lögð verður áhersla á að nemendur nái góðri færni í grundvallarhugtökum í orðaforða, lestri og ritun. Kennslan byggir mikið á að nemendur þjálfist í sjálfstæðum vinnubrögðum og paravinnu. Lögð er áhersla á samtöl milli nemenda og kennara og að þau fari fram á íslensku. Einnig er lögð er áhersla á að kynna íslenskt námsefni fyrir nemendum sem þau geta stuðst við og nýtt heimafyrir til íslenskunáms. Við mælum með að nemendur nýti sér gagnvirkt efni eins og t.d. **Krakkavefir** (mms.is), **Krakkaruv** (ruv.is), **GraphoGame**, **Lærum og leikum með hljóðin** o.s.frv. Nemendur fá aðstoð og hvatningu við að ná sér í íslenskt efni af vef og öpp til að fylgja eftir íslenskunáminu þegar heim er komið.

Námsþættir: Orðaforði, tal og tjáning. Skrift, hlustun, skilningur, ritun og lestur.

Námsmat: Einstaklingsmat, símat (endurgjöf) í anda leiðsagnarnáms, lotumat, virkni í tímum og mat á samskiptafærni milli nemenda og kennara.

Námsgögn:

- ✓ Íslenska staf fyrir staf A og Íslenska staf fyrir staf B
- ✓ Listin að lesa og skrifa
- ✓ Skrift 1a og Skrift 1b
- ✓ Orðasjóður
- ✓ Orðagull
- ✓ Leikur að íslenskum orðum
- ✓ Kötluvefurinn: Hús, Heimili, Líkami, veður, Hvar, Hvað er ég að gera, Fjölskylda, Matur, Föt, Dýr og Borg/bær
- ✓ Orð eru ævintýri. Vefur, spil, orðaspjöld, bók
- ✓ Lærum og leikum með hljóðin
- ✓ GraphoGame
- ✓ Ýmis forrit af mms.is, krakkavefir (Stafaleikir Búa og Bínu, Lestrarkassinn, Íslensku málhljóðin og ýmislegt fleira)
- ✓ Ymis spil og leikir
- ✓ Ýmis verkefni af MEMM vefnum (Orðaforðaverkefni)

Tímabil	Námsþættir	Leiðir	Hæfniviðmið	Námsmat	Námsorðaforði
Unnið í lotum	Orðaforði Hús, Heimli, Líkami, Fjölskylda	Orðaforði: Innlagnir, verkefni, spil og teikningar. Tal/Tjáning: spjall-tímar“, kennari leiðir samtal markvisst til þess að efla tjáningu nemenda Málfræði: et/ft, kyn orða Ritun: Ritunarverkefni Lestur: Lesskilningur, yndislestur, hlustun og skilningur.	<u>Hlustun</u> Forstig: - Skilur grunnorðaforða, orð á 1. þrepi: orð yfir hluti, fólk og dýr, tölustafi og daglegar athafnir í nánasta umhverfi, í skólanum, frístundinni og heima. Fyrsta stig: - Skilur einfalt daglegt mál sem varðar hann sjálfan, skólann, fjölskylduna og áhugamál ef talað er hægt og skýrt. - Skilur grunnorðaforða, orð á 1. þrepi: orð yfir hluti, fólk og dýr, tölustafi og daglegar athafnir í nánasta umhverfi, í skólanum, frístundinni og heima. Annað stig: - Skilur dagleg samtöl, og umræður sem tengjast kunnuglegum aðstæðum einkum ef talað er skýrt. - Skilur helstu atriði í kynningum, fræðslu og útskýringum með sjónrænum stoðum og skýrum dæmum. <u>Lestur</u> Forstig: - Getur lesið mjög einfalda texta með stuðningi t.d. mynda. Fyrsta stig: - Þekkir íslenska stafrófið og íslensku málhljóðin.	Símat í anda leiðsagnanáms og könnun í lok lotu	Hús, þak, tröppur, dyrabjalla, hurð, ljós, kanína, naggrís, hamstur, fuglabúr, páfagaukur, ruslatunna, þvottavél, þurrkari, sópur, þurrkari, þvottasnúra, bílskúr. Höfuð, andlit, hár, enni, Augabrúnir, Augu, augnhár, kinn, nef, eyru, munnur, varir, tennur, tunga, háls, hnakki, haka, öxl, axlir, handleggir, bringa, olnbogi, rist, úlnliður, hönd, lófi, fingur, nafli, mjaðmir, læri, bak, hné, ökkli, geirvarta, rass, typpi, píka, brjóst, magi, handleggur, fótur, fótleggur, nögl, neglur, il, hæll, mitti, magi. Amma, afi, mamma, pabbi, systir, bróðir, systkin, systkini, frændi, frænka, frændsystkini, systkinabörn, sonur, dóttir, bur, langamma, langafi, foreldrar.

			- Getur lesið og skilið einföld orð og setningar sem hafa verið kenndar. Annað stig: - Getur lesið og skilið texta úr námsefni með stuðningi lykilhugtaka, orðalista, mynda og annarra hjálpargagna. - Getur fylgt söguþræði í stuttum sögum og frásögnum á einföldu máli.		
Unnið í lotum	Lestur, vinnubók, ritun Veður, matur, tilfinningar (Hvað er ég að gera)	Orðaforði: Innlagnir, verkefni, spil og teikningar. Tal/Tjáning: spjall-tímar“, kennari leiðir samtal markvisst til þess að efla tjáningu nemenda Málfræði: et/ft, kyn orða Ritun: Ritunarverkefni Lestur: Lesskilningur, yndislestur, hlustun og skilningur.	<u>Ritun</u> Forstig: - Þekkir íslenska ritátt. - Getur skrifað nafnið sitt. - Getur afritað orð og setningar. Fyrsta stig: - Getur skrifað stök orð og einfaldar setningar um sjálfan sig. Annað stig: - Getur skrifað einfalda texta sem tengjast daglegum athöfnum, persónulegum högum, líðan, áhugamálum og viðhorfum með stuðningi hjálpargagna. - Getur skrifað stuttar lýsingar á atburðum, fyrri viðfangsefnum og reynslu. <u>Skilningur/Tjáning</u> Forstig: - Getur, með stuðningi, tekið þátt í einföldum samræðum er varða hann sjálfan, sé talað hægt og skýrt,	Símat í anda leiðsagnanáms og könnun í lok lotu	Vor, haust, vetur, sumar, í dag, í gær, í fyrradag, ekki á morgun heldur hinn, vika, mánudagur, þriðjudagur, miðvikudagur, fimmtudagur, föstudagur, laugardagur, sunnudagur, mánuður, janúar, febrúar, mars, apríl, maí, júní, júlí, ágúst, september, október, nóvember, desember, dagur, nótt, morgun, kvöld, sól, hálfskýjað, skýjað, rigning, pollur, skafrenningur, vindur, rok, él, slydda, slabb, snjór, þrumuveður, elding, regnbogi, snjókoma. Brauð, Rúnstykki, kex, kaka, terta, möffins, sulta, ostur, kæfa, kjötálegg, rjómaostur, smjör, kjöt, steik, skinka, beikon, lambakjöt, svínakjöt, nautakjöt, hamborgari, kjötbollur, pysla, pulsa, hakk, kjúklingur, egg, fiskur, laukur, tómatur, paprika, salat, kál, ágúrka, kartafla, gulrót, hvítkál, baunir, blómkál, brokkolí, grasker, banani, appelsína, melóna, pera, sítróna, epli, kíví, mangó, límóna, ananas, jarðaber, bláber, hindber, kirsuber, vínber. Glaður, glöð, glatt, ánægður, ánægð, ánægt, spenntur, spennt, áhyggjufullur, áhyggjufull, áhyggjufullt, leiður, leið, leitt, óviss, reiður, reið, reitt, kjánalegur, kjánaleg, kjánalegt, hræddur, hrædd, hrætt, sár, sárt, þreyttur, þreytt.

			endurtekið og umorðað eftir þörfum. - Kann grunnorðaforða, orð á 1. þrepi: getur nefnt orð yfir hluti, liti, fólk, daga, tölur og dýr og einfaldar setningar um daglegar athafnir í nánasta umhverfi, í skólanum, frístundinni og heima. - Getur beðið um aðstoð á einfaldan hátt og spurt einfaldra spurninga. - Getur kynnt sig, heilsað, kvatt og þakkað fyrir sig. Fyrsta stig: - Getur, með stuðningi, tekið þátt í einföldum samræðum er varða hann sjálfan, sé talað hægt og skýrt, endurtekið og umorðað eftir þörfum. - Getur beðið um aðstoð á einfaldan hátt og spurt einfaldra spurninga. - Getur kynnt sig, heilsað, kvatt og þakkað fyrir sig. Annað stig: - Getur tekið þátt í flestum daglegum samtölum án mikils stuðnings. - Getur spurt einfaldra spurninga og nýtt til þess orð og setningar úr námsefninu og átt samskipti við samnemendur um námsefnið. - Getur sagt frá áætlunum, venjum, daglegum athöfnum, liðnum atburðum og persónulegri reynslu.		

Unnið í lotum	Verkenfahefti Föt, dýr, borg og bær, umferð	Orðaforði: Innlagnir, verkefni, spil og teikningar. Tal/Tjáning: spjall-tímar“, kennari leiðir samtal markvisst til þess að efla tjáningu nemenda Málfræði: et/ft, kyn orða Ritun: Ritunarverkefni Lestur: Lesskilningur, yndislestur, hlustun og skilningur.	<u>Samskipti – framkoma og virkni í tímum</u> Forstig: - Átt góð samskipti, hlustað og sýnt viðeigandi kurteisi og gætt að máli sínu Fyrsta stig: - Átt góð samskipti, hlustað og sýnt viðeigandi kurteisi og gætt að máli sínu. Annað stig: - Átt góð samskipti, hlustað og sýnt viðeigandi kurteisi og gætt að máli sínu.	Símat í anda leiðsagnanáms og könnun í lok lotu	Kjóll, pils, nærbuxur, nærbolur, sokkar, sokkabuxur, inniskór, peysa, sandalar, stuttbuxur, skór, reimar, að reima, að klæða sig, hárteygja, vasi, belti, bindi, slæða, buxur, smekkbuxur, stuttermabolur, skyrta, að hneppa, tölur, smella, smellur, að renna, rennilás, úlpa, kápa, lopapeysa, kuldagalli, snjóbuxur, pollabuxur, pollajakki, pollagalli, trefill, stígvél, kuldaskór, ullarsokkar, hattur, húfa, derhúfa, eyrnaskjól, strigaskór, buff, lúffur, vettlingar, hanskar. Nashyrningur, gíraffi, krókódíll, ljón, tígrisdýr, skjaldbaka, leðurblaka, eðla, froskur, íkorni, api, mörgæs, strútur, slanga, úlfur, sebrahestur, flóðhestar, ísbjörn, björn, fíll, górilla, hestur, folald, kýr, naut, kálfur, hrútur, kind, lamb, egg, hey, hani, hæna, ungi, geit, kiðlingur, svín, grís, kettlingur, köttur, hvolpur, hundur, bein, traktor. Flugvél, hlaupahjól, lögreglubíll, sjúkrabíll, slökkvuliðsbíll, þyrla, hjól, hjálmur, ruslabíll, mótorhjól, strætó, leigubíll, fólksbíll, spítali, hús, gata, gangbraut, strætóstoppustöð, lögregluþjónn, umferðarljós, gangbraut, brunahani, ljósastaur, gangstétt, kerra, tré, griðing.